

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. maí 2012
Tilvísun: 2012050004/50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn um tillögu til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 30/2008, um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl., með síðari breytingum (innleiðing EES-gerðar). 140. löggjafarþingi 2011–2012. Þingskjal 1166 — 728. mál.

Orkustofnun vísar til erindis Atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 8. maí sl., þar sem óskað er umsagnar og athugasemda Orkustofnunar við tillögu til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 30/2008, um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl., með síðari breytingum.

Við undirbúningsvinnu við gerð frumvarpsins var haft samráð við Orkustofnun. Helsta breytingin sem verður á gildandi lögum er að mati Orkustofnunar sú að lagt er til að í stað þess að Orkustofnun staðfesti hverja og eina ábyrgð, eins og gildandi lög mæla fyrir um í 1. mgr. 4. gr. laganna, staðfestir Orkustofnun þess í stað það form sem ábyrgðir eru gefnar út á

Í því sambandi vekur Orkustofnun athygli á að Orkustofnun fer með eftirlit skv. raforkulögum nr. 65/2003, m.a. með tekjumörkum flutningsfyrirtækisins Landsnets hf. Ekki kemur fram í frumvarpinu hvernig, annars vegar gjaldtöku fyrir upprunaábyrgð verði háttáð og hins vegar hvernig fara skuli með þær tekjur Landsnets hf., með hliðsjón af ákvæðum laganna um tekjumörk, þannig að kostnaður af útgáfu ábyrgðanna leggist ekki á notendur flutningskerfisins.

Það er skoðun Orkustofnunar að nauðsynlegt sé að skýrt komi fram í lögnum að gjaldtaka fyrir nefndar upprunaábyrgðir á raforku verði í samræmi við raunkostnað og að þessi kostnaður og tekjur verði haldið aðgreindum frá öðrum tekjum þannig að þær falli utan tekjumarka samkvæmt raforkulögum. Þar sem Orkustofnun er falið að hafa eftirlit með gjaldskrá fyrirtækisins og reikningshaldi þess leggur stofnunin sérstaka áherslu á að þetta atriði verði felld inn í lagatextann á óyggjandi hátt eða komi skýrt fram í athugasemdum við frumvarpið, verði það að lögum.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við fram komna tillögu.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra


Skúli Thoroddsen
lögfræðingur


Auður Nanna Baldvinsdóttir
sérfræðingur